



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 18. apríl, 2008

Ákvörðun nr. 25/2008

Kaup Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. á öllu hlutafé í einkahlutafélaginu Sól ehf.

1.

Þann 3. desember 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. (hér eftir Ölgerðin) á öllu hlutafé í Sól ehf. (hér eftir Sól). Við nánari athugun Samkeppniseftirlitsins kom í ljós að framangreind samrunaskrá var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum bréf, dags. 5. desember sl., þar sem eftirlitið beindi því til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem áttu að koma fram í tilkynningunni sem allra fyrst. Fullnægjandi samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu þann 6. desember 2007. Samrunaskránni fylgdi m.a. kaupsamningur, dags. 22. nóvember 2007, og ársreikningar samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 3. janúar 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Aðilar samrunans eru tveir, Ölgerðin og Sól. Í tilkynningunni segir að báðir aðilar starfi á markaði fyrir drykkjarvörur en bæði fyrirtækin séu sölu- og markaðsfyrirtæki sem framleiði drykkjarvörur. Ölgerðin framleiði og flytji inn gosdrykki, bjór, léttvín, sterk vín, vatn og ávaxtasafa en Sól framleiði fyrst og fremst ávaxtasafa.

Um aðdraganda samrunans segir í tilkynningunni að viðræður um aðkomu Ölgerðarinnar sem hluthafa að Sól megi rekja til loka árs 2005 en fallið hafi verið frá þeim fyrirætlunum þar sem Ölgerðin hafi ekki talið það fýsilegan kost. Um mitt ár 2007 hafi síðan viðræður hafist á ný við eigendur Sólar og í kjölfar kaupa Sólar á öllu hlutafé í Emmessís hf. hafi verið gerður kaupsamningur milli samrunaaðila. Kaupsamningurinn feli í sér að Ölgerðin kaupi allt hlutafé í Sól en undanskilið í

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



kaupunum sé hlutabréfaeign Sólar í Rjómaís ehf. sem sé eigandi hlutafélagsins Emmessís hf., vörumerkið ÁVÖXTUR og vörumerkið ALDIN sem framseld verði Emmessís hf. fyrir afhendingu Sólar til Ölgerðarinnar. Samrunaaðilar segja að markmið með samrunanum sé að auka vöruframboð Ölgerðarinnar. Þá hyggist Ölgerðin með kaupunum ná fram frekari hagræðingu í rekstri með tilliti til yfirstjórnar, dreifingar og samnýtingar starfsfólks í framleiðslu. Enn fremur sé markmiðið að auka útbreiðslu þeirra vara sem Sól framleiði og með því auka samkeppni á markaðnum.

Að mati samrunaaðila er sá atvinnuvegur sem samruninn nái til matvæla- og drykkjarvöruviðnaður ásamt innflutningi á mat- og drykkjarvöru og muni samlegðaráhrifa samrunans fyrst og fremst gæta í starfsemi samrunaaðila á ávaxtasafamarkaðnum. Sól framleiði ávaxtasafa sem unninn sé úr ávöxtum sem það flytji inn erlendis frá. Ölgerðin hafi einungis framleitt eina tegund ávaxtasafa sem sé Frissi fríski en á árinu 2007 hafi Ölgerðin hafið sölu á Feel Good sem sé ávaxtasafi. Báðir aðilar selji einungis endursöluaðilum og veitingastöðum afurðir sínar en starfræki ekki sjálfir verslanir.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu og dreifingu á ávaxtasafa. Athuganir Samkeppniseftirlitsins hafa ekki gefið til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Ölgerðarinnar á öllu hlutafé í Sól.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 22. nóvember 2007, keypti Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. allt hlutafé í einkahlutafélaginu Sól ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson